

383

Hér þegar verður hold

1. Hér þeg - ar verð - ur hold hul - ið í jarð - ar - mold
 2. Ó - kvíð - inn er ég nú, af því ég hef þá trú,
 3. Hvern - ig sem hold - ið fer hér þeg - ar líf - ið þver,
 4. Ég lof - a, lausn - ar - inn, þig sem leyst - ir úr út - legð mig,

sál - in hryggð - ar - laust hvíl - ir, henn - i Guðs mis - kunn skýl - ir.
 mis - kunn Guðs sál - u mín - a mun taka' í vökt - un sín - a.
 Jes - ú, í um - sjón þinn - i ó - hætt er sál - u minn - i.
 hvíld næ ég náð - ar - spakr - i nú í mis - kunn - ar akr - i.

5. Þú gafst mér akurinn þinn,
 þér gef ég aftur minn.
 Ást þína á ég ríka,
 eigðu mitt hjartað líka.

6. Hveitikorn þekktu þitt
 þá upp ris holdið mitt.
 Í bindini barna þinna
 blessun láttu mig finna.